

**Nd.**

**563. Breytingartillögur**

[173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr.
  - a. 1. málsg. orðist þannig:

Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt, að undangengnum útboðum, að semja við eitt eða fleiri váttryggingarfélög fyrir tvö til fimm ár í senn um tryggingar gegn eldsvoða á öllum húsum í umdæmi sínu. Sérhver lækkun brunabóttagjalda eða endurgreiðsla skal renna til húseigenda.
  - b. 3. málsg. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Áður en bæjarstjórn Reykjavíkur gerir samning samkv. 1. málsg. 1. gr., skal hún leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Utan Reykjavíkur skal á sama hátt leita álits almennra samtaka húseigenda.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Nú notar bæjar- eða sveitarstjórn heimild 1. gr., og er þá skylt að brunatryggja öll hús í umdæminu hjá því félagi eða félögum, er tryggingarnar annast, og með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt að breyta á ári hverju brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði í umdæminu.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

Þar, sem lög þessi koma til framkvæmda, víkja ákvæði eldri laga, sem brjóta í bága við þau.